

## AUGLÝSING

### um breyting á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

#### 1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingar á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er fjallað um í auglýsingu þessari.

#### 2. gr.

Við undirkaflann „Námsbrautir“ er hefst á bls. 21 í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla bætist ný námslýsing og orðast hún svo:

#### **Viðbótarnám fyrir starfsnámsnemendur og nemendur sem ljúka námi á listnámsbraut til undirbúnings námi á háskólastigi.**

Nemendur sem ljúka skilgreindu starfsnámi á framhaldsskólastigi eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings námi á háskólastigi. Slíku námi lýkur með stúdentsprófi sem er samræmt í tilteknum greinum skv. ákvæðum í reglugerð.

Stúdentsprófið eitt og sér tryggir ekki aðgang að öllu námi á háskólastigi hvorki hér á landi né í öðrum löndum. Einstakir háskólar eða háskóladeildir setja ýmsar sérkröfur sem nemendur þurfa einnig að uppfylla og í sumum tilvikum þurfa nemendur að gangast undir inntökupróf. Það er því mikilvægt að nemendur sem stefna að inngöngu í tiltekinn skóla á háskólastigi afli sér upplýsinga um þær kröfur sem viðkomandi skóli gerir um undirbúning.

Til þess að fá starfsnám auk viðbótarnáms viðurkennt til stúdentsprófs skulu nemendur hafa lokið 3ja eða 4ra ára starfsnámi, þ. e. bæði í skóla og á vinnustað. Það er þó ekki áskilið að nemendur í löggiltum iðngreinum hafi lokið sveinsprófi.

Viðbótarnámið geta nemendur:

- skipulagt sjálfir í samráði við hlutaðeigandi framhaldsskóla miðað við skilgreind markmið um áframhaldandi nám á háskólastigi, eða
- lokið námi í eftirtöldum greinum þannig að heildarnám þeirra verði eins og tilgreint er í töflunni:

íslenska	15 ein.
enska	12 -
stærðfræði	6 -
tungumál/náttúrufræði og stærðfræði/ félagsfræðigreinar	12 -
-----	
Samtals	45 ein.

Nemendur geta valið milli erlendra tungumála, náttúrufræðigreina og stærðfræði eða samfélagsgreina, 12 eininga. Miða skal við að nám í grein verði ekki minna en 9 eininga samtals. Stærðfræði er þó undanskilin frá 9 eininga reglunni.

Það skal ítrekað að enda þótt nemendur ljúki námi samkvæmt því sem segir í b-lið að nemendur kynni sér sérkröfur þess háskóla sem þeir óska að stunda nám við og skipuleggi viðbótarnámið í samræmi við þær.

## 3. gr.

Lýsing á viðskiptabraut VI á bls. 178 orðast svo:

**Viðskiptabraut VI 70 ein.**

Viðskiptabraut er ætlað að búa nemendur undir almenn skrifstofu- og verslunarstörf. Námi á brautinni lýkur með verslunarprófi. Meðalnámstími er 4 annir.

<b>Íslenska</b>		<b>8 ein.</b>
Íslenska	ÍSL 102 202 212 [103 203]	
Tjáning	TJÁ 2 ein.	
<b>Erlend tungumál</b>		<b>8 ein.</b>
Danska	DAN <sup>1</sup> 102 202	
Enska	ENS 102 202	
<b>Samfélagsgreinar</b>		<b>8 ein.</b>
Félagsfræði	FÉL 102/103	
Saga	SAG 103	
Þjóðhagfræði	ÞJÓ 103	
<b>Raugreinar</b>		<b>3 ein.</b>
Val nemanda og skóla	3 ein.	
<b>Stærðfræði</b>		<b>4 ein.</b>
Stærðfræði	STÆ 102 122/202	
<b>Tölvufræði og vélritun</b>		<b>7 ein.</b>
Val nemanda og skóla	7 ein.	
<b>Sérgreinar</b>		<b>17 ein.</b>
Bókfærsla	BÓK 103 203	
Hagnýt verslunarstörf	HAV 102	
Rekstrarhagfræði	REK 103	
Verslunarréttur	VRR 102/103	
Val nemanda og skóla	4 ein.	
<b>Íþróttir, líkams- og heilsurækt</b>	ÍÞR 101 111 201 211	<b>4 ein.</b>
<b>Val nemanda og skóla</b>		<b>11 ein.</b>

<sup>1</sup> norska / sænska

## 4. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 27. apríl 2001.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðriður Sigurðardóttir.*